

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Reykjavík, 6. júlí 2020  
UST202003-289/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Verndarsvæði Mývatns og Laxár**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Landsnets hf., dagsett 11. mars 2020, um leyfi fyrir uppsetningu Hólasandslínu 3 innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

#### **Lýsing verkefnis:**

Illmögulegt er að koma raflínu milli Akureyrar og Hólasands án þess að þvera verndarsvæðið, sem er að jafnaði um 400-600 m breitt í dalnum. Verndarsvæði Mývatns og Laxár er ætlað að vernda líffræðilega fjölbreytni á vatnasviðinu ásamt því að vernda jarðmyndanir og landslag. Svæðið er jafnframt á lista Ramsarsamningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði fugla. Þá er Laxá þekkt veiðiá. Samkvæmt aðalvalkosti verður dalurinn þveraður í einu eins kílómetres löngu hafi og verða því engin möstur og þar með ekkert rask í dalnum né innan verndarsvæðisins.

Þar sem þvera á verndarsvæði Mývatns og Laxár í Laxárdal er aðalvalkostur sá að haga línulögn yfir dalbotninn með þeim hætti að möstrin liggi sem fjærst honum og þar með sjálfu verndarsvæðinu og línumlöðir fara ekki þar um. Verndarsvæðið er um 480 m breitt þar sem fyrirhugað er að leiðrarar loftlínunnar þveri það og því vel hægt að þvera allt verndarsvæðið í einu hafi og þannig koma í veg fyrir beint jarðrask innan verndarsvæðisins. Lagt er til að um 1 km langt haf verði á milli mastranna, staðsett uppi í hlíðum Laxárdals, fjarri verndarsvæðinu. Á þverunarstaðnum háttar þannig til að mögulegt er að þvera Laxárdal í löngu hafi án þess að þverunarmöstur séu sérstaklega há. Gert er ráð fyrir að þverunarmöstrin séu 20 m há sem er 0,6 m yfir meðalhæð horn-/fastmastra í línunni. Til að ná kílómetres löngu hafi þarf sterkari leiðara en almennt er í línunni.

Þegar búið er að leggja slóðir, vinnuplöön og reisa möstur sithvoru megin Laxárdals verður hafist handa við að strengja leiðara yfir dalinn. Til þess verður notast við svokallað ofurtóg (DynIce), sem er sterkur, léttur og um 2 cm þykjur spotti, mun sterkari en stálvír með

sambærilegt þvermál. Ofurtóginu verður skotið eða ferjað yfir Laxá og gengið með það að möstrum sitthvoru megin dalsins. Það verður síðan þrætt upp á útdráttarhjól á möstrunum og leiðarar strengdir yfir dalinn. Bremsuvél kemur í veg fyrir að ofurtógið og leiðarar dragist eftir yfirborði lands við strengingu. Framkvæmdin kemur því ekki til með að hafa í för með sér beint rask á jarðvegi eða gróðri innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Gert er ráð fyrir að 2-3 starfsmenn komi að framkvæmdum innan verndarsvæðisins, þ.e. sjái um að koma ofurtóginu yfir dalinn. Þeir munu þvera verndarsvæðið á fyrirhugaðri línuleið, sem er utan göngustíga og vega. Engin vélknúin tæki verða notuð innan verndarsvæðisins.

Umhverfismati framkvæmdarinnar lauk með álti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 sem birt var 19. september 2019. Í álitinu kemur fram að Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Í álitinu er sérstaklega fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að „Aðalvalkostur felur ekki í sér beint rask innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Aðalvalkostur mun þó hafa áhrif á verndargildi svæðisins vegna áhrifa á fugla og landslag. Að mati Skipulagsstofnunar fela loftlínukostir í sér minni áhrif á verndargildi svæðisins en jarðstrengskostir. Ástæðan er sú að loftlínur fela ekki í sér beint rask á verndarsvæðinu og óvissa er um umfang þess rasks sem fylgir jarðstrengjum. Aftur á móti hafa loftlínukostir áhrif á fuglalíf og landslag og þar af leiðandi á upplifun fólks af svæðinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á verndarsvæðið verði talsvert neikvæð.“

**Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 4. maí 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 18. maí 2020. Í umsögninni kemur fram að þverun Laxár í Laxárdal byggir á því sem áður hefur komið fram í mati á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 og álti Skipulagsstofnunar um matið. Í álti Skipulagsstofnunar er farið yfir þá náttúrfarsþætti sem verða fyrir mestum áhrifum þ.e. fuglalíf og landslag. Ein helsta mótvægisáðgerðin er að engar framkvæmdir verða innan verndarsvæðisins en línan mun liggja þvert yfir það. Í álti Skipulagsstofnunar kemur einnig fram að þau leyfi sem verða veitt þurfi að innihalda kröfu um vöktun varðandi áflug fugla á leiðara og að taka þurfi ákvarðanir um mótvægisáðgerðir, svo sem að auka sýnileika leiðara, í samvinnu við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Jafnframt er vísað til kafla 4 í fylgiskjali Landsnets frá 02.03.2020 um framkvæmdir við Hólasandslínu 3 í Laxárdal og þar undir töflu 8 þar sem er að finna lista yfir mótvægisáðgerðir, vöktun o.s.frv.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að Umhverfisstofnun gefi út leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins svo framarlega sem þær mótvægisáðgerðir, eftirlit, vöktun og samráð við fagaðila sem Landsnet boðar um framkvæmdina, sbr. framangreint, verði hluti af leyfi Umhverfisstofnunar og þ.a.l. einnig hluti af framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins.

Í samræmi við 17. gr. laga nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við

Mývatn þann 4. maí 2020 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn barst ekki.

**Áhrifamat:**

Áður hefur Umhverfisstofnun veitt umsögn um málid vegna mats á umhverfisáhrifum dags. 27. nóvember 2018 (UST201811-114).

Í umsögninni kemur fram það mat stofnunarinnar að lagning loftlinu þvert yfir Laxá muni hafa minnst umhverfisáhrif á svæðið þar sem rask af völdum jarðstrengja er mun meira og talsverðar líkur á að jarðminjum og landslagi verði raskað. Áhrif loftlinu munu ekki hafa áhrif á jarðminjar svæðisins enda ekki gert ráð fyrir neinu raski innan verndarsvæðis. Línan mun hafa áhrif á landslag en ólíklegt er að áhrifin verði veruleg.

Áhrif línunnar á lífríki eru óvissupáttur vegna áflugshættu fugla og er nauðsynlegt að vakta svæðið vegna þessa. Áflugshætta fyrir fugla er raunveruleg áhætta og þarf að bregðast við því ef vart verður við verulegan fugladauða undir línunni en hafa verður í huga að viðbrögð við áflugshættu hafa tölverð sjónræn áhrif fyrir hið friðlýsta svæði.

Það er mat Umhverfisstofnunar að áhrif Hólasandslínu 3 á lífríki, landslag og jarðminjar séu ásættanleg. Mikilvægt er að vöktun verði sinnt reglulega yfir sumarið til að meta fugladauða innan hins friðlýsta svæðis, við línuna.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Landsneti hf., fyrir sitt leyfi fyrir Hólasandslínu 3 innan verndarsvæði Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal halda í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vöki berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Vöktun verði sinnt reglulega yfir sumarið til að meta fugladauða innan hins friðlýsta svæðis. Fara skal í mótvægisáðgerðir vegna áflugs sé niðurstaða vöktunar á þann veg.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Elín Björg Ragnarsdóttir  
sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson  
sérfræðingur